

Fundargerð



Fundarritari	Fundardags.	Fundartími	Fund boðaði	Dags fundarrit.
Margrét Helga Hallsdóttir	06.03.2023	Kl. 11-13	Ingileif Oddsd	06.03.2023
Fundarmenn				
Sigurjón Rafnsson, Ingileif Oddsdóttir, Regína Valdimarsdóttir, Árni Gunnarsson, Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir, Dagný Erla Gunnarsdóttir, Guðrún Ottósdóttir, Aðalheiður Reynisdóttir.				
Fjarverandi				
Kristján Bjarni Halldórsson, Stefán Vagn Stefánsson.				

Dagskrá:

- Skólahald vorannar
 - Nemendatölur
 - Mannahald
- Helgarnám
- Mín framtíð (16.-18.mars)
- Stofnun ársins
- Þróun námsmats
- Húsnæðismál
- Fjármál
- Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs	ath.
1	Þorkell segir frá nemendatölum. Samtals voru 669 nemendur skráðir í febrúar 2023. Þeir starfsmenn sem hættu um áramót eru: Atli Már Óskarsson,	

Fundargerð



	<p>Hákon Ingi Stefánsson, Hjálmar Björn Guðmundsson, Sigurgeir Jónasson, Skúli Skúlason. Þórður Karl kenndi í meistaraskóla á haustönn en ekki á vorönn. Magnús og Ólafur Ípróttakennarar á dreifnámsstöðvum á Blönduósi og Hvammstanga eru ekki í starfi nú á vorönn.</p> <p>Nýjir starfsmenn eru: Axel S. Eyjólfsson og Hjörtur Elefsen kenna í helgarnámi í vélstjórn A. Tinna Dögg Gunnarsdóttir námsráðgjafi.</p>	
2	<p>Ingileif segir frá því að vélstjórn A var bætt við í helgarnámi nú um áramót og verður það kennt í tvær annir. Þrír hópar kláruðu allar sérgreinar í húsasmíði um áramót. Það fylltist strax í þrjá nýja hópa og hófu þeir nám í janúar. Sveinspróf var haldið í janúar og fóru 24 nemendur frá FNV í sveinspróf. Þeir stóðust allir prófið. Frábær árangur og allt til fyrirmyndar. Hæsta einkunn var frá FNV.</p> <p>Á vorönn er framhaldsnámskeið í kvikmyndagerð í helgarnámi. Samtals 10 nemendur sækja námskeiðið, þar af 5 nemendur af Norðurlandi vestra og 5 nemendur úr Eyjafirði.</p>	
3	<p>Mikið um að vera í kynningarmálum hjá skólanum. Verið er að undirbúa Mín framtíð – Íslandsmót iðn og verkgreina. Þar mun skólinn kynna heimavist og sérstöðu sína, þ.e. hestabraut og kvikmyndabraut ásamt öðrum brautum.</p> <p>FNV hefur einnig verið að vinna með Sahara auglýsingastofu en markmiðið er að gera 2-3 myndbönd á ári. Nú er verið að vinna myndband um heimavist, hestabraut og félagslífið.</p> <p>FNV sendir fjóra keppendur á Íslandsmót iðn- og verkgreina: Freyja Lubina keppir í húsasmíði. Almar Atli og Jón Pálmason keppa í málmíðngreinum. Haraldur Holti keppir í rafiðngreinum.</p>	
4	<p>FNV var í 5.sæti í stofnunum með 40-89 starfsmenn.</p>	
5	<p>Erum að færa okkur úr þessu hefðbundna, þ.e. lokaprófum og yfir í leiðsagnarmat. Frá og með næsta hausti verður ekki tilgreind próftafla. Sara Níelsdóttir mun leiða þessa vinnu og er hún komin af stað með hóp sem vinnur að þessu.</p>	
6	<p>Fundur var með ráðherra s.l. fimmtudag. Verið er að semja við fasteignir ríkisins um stækkun verknámshúss. Stækkun upp á 1200 fermetra.</p>	

Fundargerð



	<p>Í desember keypti skólinn hesthús. 12 básar eru í húsinu og hjálpa og geta nemendur nú leigt bása fyrir hestana sína. Staðan var orðin þannig að erfitt var fyrir nemendur að fá leigða bása í hesthúsahverfinu fyrir hestana sína.</p> <p>Á heimavist skólans er verið að skipta um glugga til vesturs. Einnig á að fara að byrja að gera upp síðustu herbergin undir matsalnum. Hljóðvist í þessum herbergjum hefur verið mjög slæm þar sem mikill hávaði berst frá eldhúsinu. Sérstök áhersla er lögð á að bæta hljóðvist í herbergjunum.</p> <p>Skólinn á hús á Kirkjutorgi sem nú á að fara að taka í gegn. Stoð ehf hefur verið að teikna þetta upp og liggur fyrir hjá bænum að fá samþykki fyrir breytingum innanhúss. Hugmyndin er að nemendur í húsasmíði sjái um verkið. Rafmagnið verður líka tekið í gegn og munu nemendur einnig koma að því. Húsið verður klætt að utan.</p>	
7	<p>Guðrún fjárhaldsmaður greinir frá uppgjöri vegna ársins 2022. Rekstrarkostnaður alls er 1.016.794.057, sértekjur eru 99.881.966, gjöld umfram sértekjur samtals 916.912.091, framlag ríkissjóðs er 951.864.947. Afgangur vegna ársins 2022 er 34.952.856. Höfuðstóll í árslok 2022 er 53.185.157 og fjárfestingarfjárveiting í árslok 2022 er - 4.066.549. Mismunur 49.118.608.</p>	
8	<p>Dagný Erla sagði frá félagslífinu. Nemendafélagið er nýbúið að sýna leikritið. Árshátíð og opnir dagar eru framundan. Einnig eru minni viðburðir í gangi s.s. íþróttatímar, bílaratleikur og fleira. Rætt var um aðstöðu fyrir klúbbastarfsemi í skólanum. Sigurjón sagði frá hugmyndum um stutt hagnýtt nám í matvælagreinum. Óskað verður eftir viðræðum við ráðuneytið um þessi mál.</p>	

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Nr.: GAT-040
Útgáfa: 02
Dags.: 21.01.2021
Höfundur: ÍHÓ
Samþykkt: IO
Síða 4 af 4

Fundargerð



Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á): Fundargerð er vistuð á sarpinum, birt á heimasíðu skólans og í möppu á skrifstofu skólameistara.